

Tilbrigði við hugtakamyndasögu*

Þessi æfing kemur að góðum notum þegar þú vilt gera fyrstu könnun á efni en ákveða síðar (með eða án nemenda) hvaða efnisþætti þið viljið rýna betur í. Þetta er frábær leið til þess að örva hugsun barna og hvetja til umræðna innan bekkjarins. Til viðbótar við þessa grunnstoð styður verkefnið við grunnstoðina „Að læra með því að hugsa“.

Við leggjum til 3 valmöguleika:

- Valmöguleiki A: einblínt á einföld og snörp samskipti (hentar vel ef í hópnum eru börn sem ekki hafa íslensku að móðurmáli)
- Valmöguleiki B: einblínt á stutt og fljótverk samskipti en sem þó fela í sér meira samtal
- Valmöguleiki C: einblínt á stutt og fljótverk samskipti en sem þó fela í sér meira samtal

* Hugtakamyndasögur eru almennt notaðar í fyrirspurnatengdu námi/vísindakennslu/STE(A)M námi. (STEM stendur fyrir Science Technology, Engineering og Mathematics og A fyrir Arts)

Áætluð útkoma - Nemendur eiga að:


- Vera færir um að rannskaka sjónarhorn annarra
- Geta gert grein fyrir eigin hugsun.
- Geta komið auga á líkindi og mismun milli skoðana.
- Geta sýnt fram á sveigjanleika við mótun skoðana.
- Geta beitt virkri hlustun.


Tími

Tímalengd þessa verkefni ræðst af mismunandi breytum: aldri nemenda, reynslu, menningu í skólastofunni og hvernig þú útfærir verkefnið. Þú ættir þó að nota að lágmarki 40 mínútur í þetta verkefni (ef þú notar valmöguleika A).

Efni

- Hugtakamyndasaga





- Þú getur fundið hugtakamyndasögur á netinu. Þær eru aðallega um vísindi og stærðfræðitengt efni. Þú getur líka búið til þínar eigin eða notað sniðmát eins og það sem sjá má hér að ofan.
- Gættu þess að hafa alltaf eina persónu með auða talblöðru (e. speech bubble). Með því gefurðu nemendum færi á að bæta við fleiri skoðunum.

Í kennslustofunni	Blandað nám
<ul style="list-style-type: none"> • Tafla • Stórar pappírsarkir eða plaköt • Límmiðar fyrir nemendur <p>Ef nemendur eiga erfitt með að skrifa og/eða að tjá sig á tungumálinu:</p> <ul style="list-style-type: none"> • slepptu límmiðunum og leyfðu þeim bara að svara. • Skrifaðu niður lykilorð eða teiknaðu tákn/myndir á töfluna til þess að styðja við samtöl. 	<ul style="list-style-type: none"> • Útbúðu Plickers-aðgang fyrir kennara • Útbúðu Padlet með hlekk eða QR- kóða til að deila með nemendum. • Prentaðu út þann fjölda Plickers-spjalda sem þú þarft, einn fyrir hvern nemanda. • Þú þarft Padlet fyrir hvern nemanda/par nemenda fyrir Padletæfinguna, • Þú þarft snjallsíma til þess að skanna svör nemenda fyrir Plickers. <p>Þú getur valið Plickers eða Padlet eða notað hvort tveggja.</p> <p>Ef nemendur eiga erfitt með að skrifa og/eða að tjá sig á tungumálinu::</p> <ul style="list-style-type: none"> • slepptu Padlet og leyfðu þeim bara að svara. • Skrifaðu niður lykilorð eða teiknaðu tákn/myndir á töfluna til þess að styðja við samtöl <p>Frekari upplýsingar um Plickers og Padlet?</p>


Undirbúningur

- Veld viðfangsefni sem þú vilt taka fyrir með nemendum.
- Finndu eða búðu til hugtakamyndasaga. Prentaðu hana eða gakktu úr skugga um að þú getir sýnt hana á skjá.
- Þú getur valið hvort þú setur spurninguna/viðfangsefnið inn í hugtakamyndasöguna eða lagt hana fyrir á annan hátt (s.s. á rituðu málið eða með mynd á töflunni, ...).
- Útbúðu sérstaka pappírsútgáfu af hverri persónu í hugtakamyndasögunni (sem sýnir jafnframt skoðun þeirra).

Blandað

- Útbúðu nýtt Plickers-sett fyrir skref 2.
- Útbýttu Plickers-spjöldum til nemenda þinna í skrefi 2.
- Hladdu hugtakamyndasögunni þinni á Plickers-sett og hafðu 4 svör í boði, eitt fyrir hverja skoðun. Útbúðu tvö samsvarandi útgáfur, eina fyrir fyrstu skoðun nemenda og aðra sem sýnir skoðun þeirra að umræðum loknum.
- Gakktu úr skugga um að spurningar séu bæði opnar og lokaðar.
- Dæmi:

With who do you agree?



A I agree with purple jacket

B I agree with green jacket

C I agree with grey jacket

D I have an other explanation

- Búðu til Padlet með 4 dálkum, 1 fyrir hverja fullyrðingu.

Skref-fyrir-skref leiðbeiningar

1 Innlögn

Kynntu viðfangsefnið. Gakktu þó úr skugga um að láta ekki í té nema þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru. Dæmi: Sýndu hlut, mynd, myndasaga, textabút eða stutt myndband....Ef þú vilt geturðu látið nemendur lýsa því sem þeir hafa séð eða lesið.

2 Hefjumst handa

- Sýndu hugtakamyndasöguna á Plickers og farðu yfir allar mismunandi skoðanir fólksins í myndasögunni.
- Dreifðu Plickers-spjöldum til nemenda þannig að hver nemandi hafi eitt spjald.
- Færðu hverjum nemanda spjaldtölvu/fartölvu fyrir Padlet-æfinguna.
- Gefðu nemendum færi á að hugsa einstaklingslega um fullyrðingarnar í hugtakamyndasögunni. Hvaða fullyrðingu samsvarar best þeirra eigin skoðun?
- Láttu nemendur skrifa niður:
 - Þeir velja fullyrðingu sem samsvarar þeirra skoðun best og skrifa hvers vegna hún höfðar best til þeirra á Padlet eða límmiða.
 - Ef engin fullyrðing höfðar til þeirra skaltu láta þá skrifa niður eigin svör og rökstyðja þau á Padlet / á 2 límmiða.
- Notaðu fyrri Plickers spurningu þína. Láttu nemendur lyfta Plickers-spjöldum sínum á loft þannig að svörin séu efst. Með þessu móti hefurðu yfirsýn yfir skoðanir innan bekkjarins. Ertu ekki viss um hvernig þetta virkar í raun og veru? Kíktu á yfirlit yfir blandaðar námsaðferðir í almenna kjarnanum.
- Í kennslustofunni: Hengdu upp myndir af persónum í hugtakamyndasögunni víðsvegar um bekkinn, þannig að hver hafi sinn stað. Láttu nemendur svo ganga að þeirri persónu sem þeir eru samsinna og festa límmiða sína á myndina af henni.

Valmöguleiki A: einblínt á einföld og snörp samskipti (hentar vel ef í hópnum eru börn sem ekki hafa íslensku að móðurmáli)

- Spurðu nemendur hvers vegna þeir völdu hverja fullyrðingu. Gefðu dæmi um svör á Padlet. Spyrðu spurninga til að örva frekara samtal. Mundu þó að markmiðið hér er að kalla fram stutt og áhrifamikil samtöl.:
 - Lyft'upp hönd þau sem voru meira og minna sammála um hvers vegna ætti að velja þessa fullyrðingu. ‘
 - *Má ég heyra fleiri ástæður.*
 - *Vill einhver úr öðrum hópi spyrja þennan hóp spurninga?*
 - ...

Til stuðnings er snjallt að skrifa niður lykilorð úr samtalinu á töfluna.

Ábending: Ef í hópnum eru margir nemendur sem hafa ekki íslensku að móðurmáli er þetta oft besta nálgunin (sérstaklega þegar æfingin er gerð í fyrsta sinn). Nemendur sem hafa ekki nægan orðaforða til þess að setja rökstuðning sinn fram á rituðu máli hafa hér tækifæri til að setja skoðun sína fram á því máli sem þeir heyra frá samnemendum eða lesa það sem kennarinn skrifar á töfluna.

- Lestu allar fullyrðingarnar upphátt aftur eða láttu nemendur gera það. Read all the statements out loud again or let the students do so.

Vinnuefni - samræðum og samskiptum

- Láttu nemendur hugsa einstaklingslega aftur: Eru þeir enn sama sinnis og þeir voru í byrjun nú þegar þeir hafa hlustað á röksemdarfærslur annarra? Hefur skoðun þeirra eða rökstuðningur breyst?
- Notaðu seinni Plickers-spurningu þína. Láttu nemendur lyfta Plickers-spjöldum sínum upp þannig að þau sýni skoðun þeirra. Í kennslustofunni: Láttu nemendur ýmist færa sig að nýrri fullyrðingu eða vera kjurra hjá þeirri fyrri ef skoðun þeirra hefur ekki breyst.
- Styttri leið: Veldu bara nokkra nemendur til að svara:
 - *Hver fékk þig til að skipta um skoðun? Hvað var það sem hafði áhrif?*
 - *Hvers vegna ertu enn sömu skoðunar? Hver er sammála þessu?*

Valmöguleiki B: einblínt á stutt og fljótverk samskipti en sem þó fela í sér meira samtal

- Fyrir hverja staðhæfingu, tilnefndu einn nemanda sem mun gegna hlutverki fréttamanns eftir samtalið sem mun eiga sér stað.
- Láttu nemendur upplýsa sinn hóp um: Hvers vegna þeir eru sammála fullyrðingunni. Fréttamaðurinn getur skrifað niður nokkur lykilatriði ef hann vill.
- Fréttamaðurinn dregur saman rökstuðning hópsins. The reporters summarize, in turn, the arguments given by their group. Ask questions to elaborate further and write down the different opinions on the board.
 - *Hvers vegna finnst þér það? 'What makes you think that?'*
 - *Hvað áttu við með...? 'What do you mean by ...?'*
 - *Hefur einhver úr hinum hópunum spurning fyrir þennan hóp?'*
- Lestu allar fullyrðingarnar upphátt aftur eða biddu nemendur að gera það.
- Gefðu nemendum aftur færi á að hugsa einstaklingslega: Eru þeir enn sama sinnis nú þegar þeir hafa hlýtt á rökstuðning annarra? Hefur skoðun þeirra eða rökstuðningur breyst?
- Notaðu seinni Plickers spurningu þína. Gefðu nemendum merki um að lyfta Plickers-spjöldum sínum á loft þannig að þau gefi til kynna hver skoðun þeirra er.
- Í kennslustofunni: gefðu nemendum merki um að fara og standa við þá fullyrðingu sem tjáir best skoðun þeirra. Nemendur mega fara að sömu fullyrðingu og áður eða velja aðra.
- Styttri leið. Veldu bara nokkra nemendur til þess að svara:
 - *Hver fékk þig til að skipta um skoðun. Hvað fékk þig til að gera það?'*
 - *Hvað fékk þig til þess að vera enn sömu skoðunar? Hver er sammála þessu?*

Valmöguleiki C: einblínt á stutt og fljótverk samskipti en sem þó fela í sér meira samtal

- Notaðu „innri hringur – ytri hringur“ til þess að skiptast á skoðunum. Myndaðu innri hring með u.þ.b. 10 nemendum. Gættu þess að allar mismunandi skoðanir eigi sér fulltrúa í innri hringnum en þó þannig að ekki séu nema að hámarki 2 nemendur um hverja skoðun.

Vinnuefni - samræðum og samskiptum

- Aðrir nemendur sitja í ytri hringnum og fylgjast með samtalinu.
- Byrjaðu samtalið: Hvaða fullyrðingu eru nemendur sammála og hvers vegna?
 - Nemendur í innri hring mega bregðast við hver öðrum, spyrja spurninga,.... nemendur stýra samtalinu.
 - Ytri hringur fylgist með/hlustar vandlega á samtalið
 - Kynntu nýjan rökstuðning jafnóðum í gegnum samtalið með því að láta nemendur úr ytri hring skipta um stað við einhverja í innri hring.
 - Gangverkið er mikilvægt hér, svo hvettu nemendur til að skipta sjálfkrafa þegar þeir hafa ný rök fram að færa. Biðjið þá að banka á öxl nemanda í innri hringnum til að ræsa rofann.
 - Ef skiptingin gengur ekki snurðulaust fyrir sig geturðu líka bent sumum nemendum á að skipta þannig að á endanum hafi allir verið í innri og ytri hring.

Ábending:

- Þú getur hjálpað nemendum í samtali með því að leggja fram leiðarljós fyrir samtöl og/eða ísbrjóta fyrir samtöl (sjá „leiðbeiningar“ í þessari grunnstoð). Eða með því að koma með nokkrar krefjandi spurningar (sjá grunnstoðina „Að læra með því að hugsa“)
- Þú getur lagt stutt athugunarverkefni fyrir ytri hringinn. Láttu nemendur í ytri hring t.d. gefa til kynna að hvaða marki samnemendur komu samtals-leiðarljósunum í framkvæmd.
- Lestu allar fullyrðingarnar upphátt aftur eða biddu nemendur að gera það.
- Gefðu nemendum aftur færi á að hugsa einstaklingslega: eru þeir enn sama sinnis nú þegar þeir hafa hlýtt á rökstuðning annarra? Hefur skoðun þeirra eða rökstuðningur breyst?
- Notaðu seinni Plickers spurningu þína. Gefðu nemendum merki um að lyfta Plickers-spjöldum sínum á loft þannig að þau gefi til kynna hver skoðun þeirra er.
- Í kennslustofunni: gefðu nemendum merki um að fara og standa við þá fullyrðingu sem tjáir best skoðun þeirra. Nemendur mega fara að sömu fullyrðingu og áður eða velja aðra.
- Styttri leið. Veldu bara nokkra nemendur til þess að svara:
 - *Hver fékk þig til að skipta um skoðun. Hvað fékk þig til að gera það?'*
 - *Ábending: Gildi valmöguleika C fellst í þeirri staðreynd að nemendur hlusta meira hver á aðra í lengri samtölum vegna þessa innri-ytri hrings fyrirkomulags. Ef þig langar að kalla fram dýpri samræður við allan hópinn verður erfiðara af fá nemendur til að beita virkri hlustun þegar þeir standa aðskildir í hópum víðsvegar um stofuna.*

3 Ígrundun

- *Hvernig fannst þér að velja eitt svar/sjónarhól? Hvers vegna?*
- *Hver skipti um skoðun meðan á æfingunni stóð? Hvað fékk þig til þess að gera það?*

Vinnuefni - samræðum og samskiptum

- *Hvað fékk þig til að efast?*
- *Hvað fékk þig til að verða enn vissari í þinni sök?*
- *Hvað lærðirðu af samtalinu? Hvaða rökstuðningur fannst þér áhugaverðastur?*

4 Hvað nú?

- Láttu nemendur svara eftirfarandi spurningum:
 - *Hvað langar þig að fræðast frekar um?*
 - *Hvernig getum við fræðst frekar um þetta efni?'*Hægt er að láta nemendur svara einstaklingslega eða í hópum.
- Ef þú vilt ákveða með nemendum hvað á að rannsaka frekar og hvernig, geturðu notað vinnuaðferðina „Píramídinn“ í grunnstoðinni „Að læra gegnum samfélagslegar áskoranir“.

5 Fáðu fjölskylduna með!

- Sendu nemendur heim með hugtakamyndasöguna og biðu þá að gera æfinguna með foreldrum sínum/forráðamönnum.
- Nemendur eiga þá að biðja foreldra/forráðamenn sína að velja eitt svarana sem fram koma í hugtakamyndasögunni og snúa að efninu/spurningunni sem var tekið fyrir í skólanum og rökstyðja val sitt.
- Daginn eftir segja nemendur frá heimaverkefninu, skrifa um það eða skila niðurstöðum með því að búa til stutt myndband.